

# Boðsmót – NORAK

## KEPPNISSKILMÁLAR

- 1. Leikinn er þriggja (/4ra) manna Texas scramble, höggleikur með forgjöf. Karlar leika af gulum teigum, konur af rauðum. Mótið er 9 holur. Hámarks forgjöf hvers leikmanns er 36. Forgjöf liðs er samanlöögð vallarforgjöf allra leikmanna deilt með 7.**
- 2. Valið er besta höggið í hverju liði og merki sett eins nálægt legu boltans og hægt er. Aðrir leikmenn leggja bolta sinn innan 15 cm. frá merkinu (ekki nær holu). Boltinn er lagður, ekki látinn falla, þó utan brautar sé, í glompu eða torfæru ef liðið ákveður að leika boltanum frá þeim stað**
- 3. Eins er farið að á flöt. Það er, að besti boltinn er valinn, og öðrum boltum er svo leikið frá þeim stað sem merkið er. Leikmaður sem púttar fyrst á að merkja boltann ef hann hittir ekki ofan í holuna, honum er þó leyfilegt að klára “stutt” pútt, þannig að samherjinn eigi möguleika á að bæta skorið með sínu pútti.**
- 4. Hver leikmaður liðsins þarf að eiga a.m.k. tvö upphafshögg og þar af eitt á par þrjú holu. Hvert lið á rétt á að nýta sér einn ”mulligan” í mótinu. Þegar hann er nýttur þá fær einn kylfingur liðsins aðra tilraun við sitt högg. Ef mulliganinn er nýttur ber að nota það högg.**
- 5. Veitt verða verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Verði tvö lið jöfn í verðlaunasæti skal fyrst telja síðustu 6 holurnar, þá 3, 2 og 1. Ef úrslit ráðast ekki með þessari aðferð skal varpa hlutkesti um röð liða.**
- 6. Tímamörk á 9 holum eru 2,3 klst. Leikmenn eru vinsamlegast beðnir um að leika rösklega og án tafar. Þar sem um er að ræða Texas Scramble, er vinsamlegast farið fram á að ekki sé miklum tíma eytt í leit að boltum sem eru langt af leið.**